

Ed.

597. Lög

um breyting á lögum nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll.

(Afgreidd frá Ed. 14. maí).

1. gr.

Við 1. gr. 1. Orðin »kornvörur«, steinolíu« falli burt. Aftan við »krite« bætist: sóða.

Við 1. gr. 2. Aftan við »tunnahlutum« bætist: nema sildartunnum og kjöttunnum og tilsniðnu efni í þær. Á eftir »bifvjelum (mótorum), heilum og í hlutum« komi: rafmagnsvökum, vatnshreyfivjelum.

Við 1. gr. 4. a. Liðurinn orðist þannig:

Af salti 1 kr. af hverri smálest.

Við 1. gr. 4. b. Liðurinn orðist þannig:

Af kolum 1 kr. af hverri smálest.

Aftan við bætist nýr stafliður, c:

Af steinolíu 15 aura af hverjum 50 kg.

Málgreinin »Kolatoll« eru í gildi« fellur niður.

Aftan við orðin »endursendar umbúðir« í niðurlagi 1. másl. næstsiðustu málsgr. 1. gr. bætist: sildartunnur og kjöttunnur og tilsniðið efni í þær, þar á meðal gjarðæfni, ennfremur kornvörur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1926.

3. gr.

Þegar lög þessi hafa fengið staðfesting, skal fella texta þeirra og laga nr. 32, 27. júní 1925, inn í meginmál laga nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll, raða upptalningunum í 1. gr. 1. og 1. gr. 2. eftir stafrófsröð og gefa þau út svo breytt.